



ALMENNIR KEPPNISSKILMÁLAR 2017 UM LEIKHRAÐA (Á ÖÐRUM MÓTUM EN EIMSKIPSMÓTARÖÐINNI)

Eftirfarandi skilmálar um leikhraða, ásamt viðbótum og breytingum sem birtar verða á hverjum keppnisstað af mótisstjórn, gilda skv. reglu 33-1 og aths. við reglu 6-7 í mótum sem haldin eru á vegum Golfsambands Íslands árið 2017, öðrum en Eimskipsmótaröðinni.

A. Heimilaður tími

Hámarkstími til að ljúka umferð er 4 klst. og 20 mín. fyrir þriggja manna ráshóp.

Skilgreining á „Úr stöðu“:

Fyrsti ráshópur og ráshópar sem ræstir eru fyrstir eftir hlé á ræsingu teljast vera „úr stöðu“ ef, hvenær sem er á meðan leik stendur, leiktími ráshópsins er meiri en samanlagður hámarkstími þeirra hola sem hafa verið leiknar. Aðrir ráshópar teljast vera „úr stöðu“ ef þeir eru meira en 10 mínútum á eftir ráshópnum á undan og leiktími þeirra er meiri en samanlagður hámarkstími þeirra hola sem hafa verið leiknar.

B. Þegar ráshópur er úr stöðu

Haldi ráshópur ekki í við næsta ráshóp á undan svo nemi einni auðri braut getur dómari áminnt leikmenn svo að þeir nái að halda í við næsta ráshóp.

Nái leikmenn ekki að bæta leikhraða sinn innan tveggja hola getur dómari mælt, eða látið mæla, leikhraða.

Dómari getur einnig áminnt og síðar mælt, eða látið mæla, leikhraða einstakra leikmanna sem hann telur að leiki óeðlilega hægt, jafnvel þótt ráshópurinn haldi í við næsta ráshóp.

Eyði leikmaður meira en 45 sekúndum frá því að hann telst tilbúinn að slá bolta sinn og þar til hann greiðir högg telst hann hafa leikið umfram hámarkstíma.

C. Ef ráshópur er aftur úr stöðu í sömu umferð

Ef ráshópur er „úr stöðu“ oftast en einu sinni í sömu umferð mun ferlið hér að framan eiga við í hvert sinn. Tímar umfram hámarkstíma og beiting víta teljast áfram innan sömu umferðar. Keppandi hlýtur ekki refsingu ef hann mælist umframhámarkstíma í annað sinn, ef ekki hefur náðst að tilkynna honum um fyrra tilvik. Þ.

D. Víti fyrir brot á keppnisskilmálum

1 tímamæling umfram hámarkstíma:

Keppandi fær aðvörun frá dómara og er tilkynnt að mælist hann aftur umfram hámarkstíma hljóti hann refsingu.

2 tímamælingar umfram hámarkstíma:

Eitt högg í víti (höggleikur) eða holutap (holukeppni).

3 tímamælingar umfram hámarkstíma:

Tvö viðbótarhögg í víti (höggleikur) eða holutap (holukeppni).

4 tímamælingar umfram hámarkstíma:

Frávísun.